

Loftlagsstefna

Samgöngustofa stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Samgöngustofa vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Fram til 2030 mun Samgöngustofa draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 40% miðað við árið 2019. Samgöngustofa mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig er stefnt að því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum, eða með öðrum viðurkenndum leiðum, frá og með árinu 2020.

Stefna þessi tekur mið af skuldbindingum Íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum og yfirlýsingu stjórnvalda um samdrátt í losun GHL og kolefnishlutleysi.

Stefnan nær til samgangna á vegum Samgöngustofu, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnan nær til allrar starfsemi Samgöngustofu, byggingar, mannvirkja, farartækja, framkvæmda o.þ.h.

Loftlagsstefna Samgöngustofa er rýnd á hverju ári af umhverfishóp Samgöngustofu og markmið uppfærð með tilliti til þróunar í losun GHL á milli ára. Stefnan er samþykkt af forstjóra og framkvæmdastjórn og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað á heimasíðu Samgöngustofu.